

## Stjórnarfundur Fáks 6. febrúar 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Jón Finnur Hansson, Marianna Gunnarsdóttir, Þorvarður Helgason og Heidi Rún Sigurðardóttir

Málefni tekin fyrir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp og samþykkt samhljóða.

### 2. Mönin við Hvammsvöll

Tíðarfar hefur verið hagstætt og framkvæmdir við mönina hafa gengið vel. Að beiðni knapa verður tækifærið gripið á meðan framkvæmdum stendur að breikka hringvöllinn á Hvammsvelli um 50 cm. Stjórn væntir þess að völlum og mön verði tilbúin fyrir keppnistímabilið í vor.

### 3. Deiliskipulag í dalnum – áframhald

Breytingar á deiliskipulagi á Fákssvæði (lóðir fyrir reiðskemmur) var samþykkt í borgarráði síðastliðinn fimmtudag (2. feb) og er nú í auglýsingarferli. Stjórn Fáks mun ýta á eftir teikningum fyrir breytingar á deiliskipulagi í Almannadal (lóð fyrir reiðskemmu og skiptingu hesthúslóða). Hjörtur Bergstað, Jón Finnur Hansson og Leifur Arason hafa umboð stjórnar að leita eftir áhugasömum aðilum til að byggja reiðskemmur á þessum lóðum á þeim forsendum að Fákur auki þjónustustig fyrir sína félagsmenn.

### 4. Reiðvegir á Fákssvæðinu

- a) Vegkaflar sem verður bætt í og lagaðir:
  - Reiðvegur af tryppahring inná stóra völlum – 30-40 m kafla.
  - Reiðvegur útúr Víðidalnum – beygjur sitthvoru megin við Selásbrautina.
- b) Reiðvegur niðri neðri Fák – Fyrirhugað er hjá Reykjavíkurborg að leggja af reiðveginn í gegnum Elliðarárdalinn niður í neðri Fák og setja nýjan hjólastíg í staðinn. Málin rædd og ákveðið að ræða nánar við fulltrúa Reykjavíkurborgar.

### 5. Aðalfundur

Aðalfundur Fáks er fyrirhugaður um eða uppúr miðjum mars nk. Ljóst er að sæti munu losna í stjórn Fáks og hafa nokkrir aðilar nú þegar sýnt áhuga á að bjóða sína krafta fram. Auglýst verður eftir framboðum á vefsíðu Fáks seinnipartinn í febrúar.

### 6. Önnur mál

- a) Skriður virðist vera að komast á framkvæmdir í Almannadal og vill stjórn Fáks ýta enn frekar undir þá jákvæðu þróun með því auglýsa þá frábæru kosti sem svæðið býr yfir.
- b) Mótanefndir – Tvær mótanefndir hafa verið skipaðar. Anna Birna og co úr áður skipaðri keppnisnefnd munu sjá um Reykjavíkurmestaramót og Gæðingamót Fáks. Vetrarmótin, firmakeppni og grímutölt verða hins vegar í umsjá Sigurbjörns Þórmunds, Ófeigs, Páls og Davíðs Arons.
- c) Stórsýning Fáks – Marianna samþykkir að tala við Gunnar Arnarsson og Hafliða Halldórs um sýningarstjórn.
- d) Guðjón í Oz hefur haft samband við Fák varðandi upptöku og streymi frá mótum. Hjörtur Bergstað mun hitta hann á fundi á næstunni og fara yfir málin.
- e) Samþykkt að semja við Svafar Magnússon um hlutastarf sem umsjónarmaður Reiðhallarinnar.
- f) Samþykkt að minna hestamenn á Fákssvæðinu á að leggja hestakerrum á kerrustæðinu, ekki við hesthúsin.



- g) Laga þarf girðinguna í kringum stóra völinn – Jón Finnur ætlar að skoða málið og gera grein fyrir stöðunni á næsta fundi.
- h) Síðustu fundargerðum verður komið á vefsíðu Fáks sem fyrst.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.

J. Bergsteinn

Heiðun Berg.